

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 14. Janúar 2019

Efni: Frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða (Mál nr. 416)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Viðskiptaráð skilaði umsögn um frumvarpið til ráðuneytisins á fyrri stigum en umfangsmiklar breytingar hafa orðið á frumvarpinu síðan það var lagt fram í Samráðsgáttinni. Viðskiptaráð telur þær breytingar hafa verið til góða, en vill þó koma nokkrum atriðum á framfæri varðandi núverandi frumvarp sem ráðið telur að taka verði tillit til.

Samræmi í innleiðingu

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 1148/2016/ESB um net- og upplýsingaöryggi (NIS-tilskipunin). Markmið frumvarpsins er eins og segir í 1. gr. að stuðla að háu öryggisstigi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Viðskiptaráð fagnar þessu þar sem slíkt öryggi verður sífellt mikilvægara að tryggja í netvæddu samfélagi. Með frumvarpinu er þó að mati Viðskiptaráðs gengið lengra en nauðsyn krefur og er þannig ekki gætt samræmis við innleiðingu tilskipunarinnar, en slíkt hefur áhrif á þá aðila sem teljast vera rekstraraðilar mikilvægra innviða.

Íþyngjandi einföldun

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um öryggiskröfur og tilkynningar til netöryggisveitar og ná kröfur kaflans yfir mikilvæga innviði, hugtak sem skilgreint er nánar í 6. gr. sem *rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu og stafrænir þjónustuveitendur*. Áttunda grein frumvarpsins nær til mikilvægra innviða, og er því ekki gerður greinarmunur á milli rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu eða veitendum stafrænnar þjónustu, en í NIS-tilskipuninni er grundvallarmunur milli þessa tveggja aðila þegar kemur að öryggis- og tilkynningarkröfum. Í tilskipuninni er fjallað um öryggiskröfur aðilanna í tveimur aðskildum greinum, þar sem mun vægari kröfur eru gerðar til veitenda stafrænnar þjónustu, og er tekið sérstaklega fram í tilskipuninni að áhættustigið sé hærra fyrir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu þar sem slíkt getur verið nauðsynlegt til að halda uppi mikilvægari samfélagslegri og efnahagslegri starfsemi. Tilskipunin áskilur þá sérstaklega að öryggiskröfur til veitenda stafrænnar þjónustu eigi að vera minni en kröfur á rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu.

Í greinargerð með frumvarpinu, þar sem fjallað er sérstaklega um 8. gr., segir þó að til einföldunar sé lagt til að hér á landi verði sömu kröfur gerðar til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu og stafrænna þjónustuveitenda. Í tilskipuninni er grundvallarmunur á öryggis- og tilkynningarkröfum fyrrgreindra aðila og er það því óþarfa íþyngjandi lagasetning að skylda rekstraraðila stafrænnar þjónustu til að lúta þyngri skilyrðum en tilskipunin kveður á um, þá sér í lagi þegar tilskipunin tekur sérstaklega fram að gera eigi greinarmun á kröfum til þessara aðila. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að nægilegt þyki að

gera ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð gert greinarmun á kröfum til aðilanna, en að mati Viðskiptaráðs verður að taka tvímæli af íþyngjandi skyldum í lögnum sjálfum.

Að mati Viðskiptaráðs er brýnt að regluverk sé ekki innleitt með meira íþyngjandi hætti en nauðsyn krefur til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Annað er þó oft raunin og hér er sannarlega ekki fyrsta dæmið um að innleiðing regluverks sé með strangara móti en annars staðar. Telur ráðið í því samhengi að gera eigi greinarmun á kröfum til fyrrgreindra aðila og útlista þær í sitt hvoru ákvæðinu, en slíkt myndi gæta samræmis í innleiðingu og auka skýrleika.

Dagsektir skortir rökstuðning

Enn fremur gerir Viðskiptaráð athugasemdir við fjárhæð dagsekta, sbr. 22. gr. frumvarpsins en þar er gert ráð fyrir að sektir geti numið allt að 500.000 kr. hvern dag, sem er umtalsvert hærrí upphæð en almennt tíðkast um dagsektir í stjórnslunni. Í greinargerð er ekki rökstutt hvers vegna sé miðað við jafn háa fjárhæð eða hvaða fordæma sé verið að horfa til, þar er eingöngu vísað til þess að hámarkið sé það sama og á dagsektum skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Að mati Viðskiptaráðs nægir ekki að vísa með almennum hætti til annarra lagabálka án greiningar á dagsektarfjárhæðinni eða frekari rökstuðnings.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands